




Iðnnám ... nema hvað?



Samtök iðnaðarins

Hvar verður þú eftir fjögur ár?

Verðurðu þá með menntun sem gefur þér kost á háskólanámi eða menntun sem að auki veitir þér réttindi til að sinna skemmtilegu og vel launuðu starfi?

Iðn- og tæknimenntun á framhaldsskólastigi veitir aðgang að fjölbreyttum störfum og góðum launum. Eftirspurn er eftir góðum iðnaðarmönnum í fjölmörgum kröfuhörðum greinum. Iðnmenntun er góður grunnur að frekara framhaldsnámi. Háskólamenntuðu tæknifólki, sem lokið hefur iðnmenntun, stendur til boða fjölbreytt starfsval. Fyrirtækin bjóða samkeppnishæf laun og góða aðstöðu.

Á Íslandi eru á annan tug framhaldsskóla þar sem kenndar eru yfir 60 iðn- og starfsgreinar. Skyldi einhver þeirra höfða til þín?

Framhaldsskólar með iðn-, verk- og tæknimenntun:

Borgarholtsskóli www.bhs.is

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti www.fb.is

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ www.fg.is

Fjölbrautaskólinn við Ármúla www.fa.is

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra www.fnv.is

Fjölbrautaskóli Suðurlands www.fsu.is

Fjölbrautaskóli Suðurnesja www.fss.is

Fjölbrautaskóli Vesturlands www.fva.is

Framhaldsskólinn á Húsavík www.fsh.is

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum www.fiv.is

Iðnskólinn í Hafnarfirði www.idnaskolinn.is

Landbúnaðarháskóli Íslands www.lbhi.is

Menntaskólinn á Ísafirði www.misa.is

Menntaskólinn í Kópavogi www.mk.is

Tannsmíðaskóli Íslands www.tannlaeknadeild.hi.is

Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins www.taekniskolinn.is

Verkmenntaskóli Austurlands www.va.is

Verkmenntaskólinn á Akureyri www.vma.is

Málmsuða • Mjólkurið • Mótasmíði • Múraraið • Myndskurður • Netagerð
Persónuljósmyndun • Pípulagnir • Prentsmíð • Prentun • Rafeindavirkjun
Rafveituvirkjun • Rafvélavirkjun • Rafvirkjun • Rennismíði • Símsmíði
Skipa- og bátasmíði • Skósmíðaið • Skósmíði • Skóviðgerð • Skrúðgarðyrkja
Snyrtifræði • Stálskipasmíði • Stálsmíði • Stálvirkjasmíði • Steinsmíði • Söðlasmíði
Tannsmíði • Úrsmíði • Veggfóðrun • Vélvirkjun



lðnnám

– skemmtilegt og skapandi



Samtök iðnaðarins



Jón Sigurðsson

forstjóri Össurar



„Ég lærði snemma að tengja saman ólíka þætti svo að þeir mynduðu heild eða yrðu að einhverju nýju. Þetta lærði ég fyrst í námi mínu til símvirkja. Þetta hefur reynst fínn grunnur í frekara námi og ekki síður í starfi mínu sem forstjóri. Hjá Össuri hf. starfar fjöldi iðnmenntaðra starfsmanna.“

„Fínn grunnur í frekara nám“



Halla Bogadóttir

framkvæmdastjóri Kraums

„Þegar ég hóf nám í gullsmíði við lðnskólann í Reykjavík opnaðist mér alveg nýr heimur. Ég hafði verið grunnskólakennari í nokkur ár og fannst það gaman. En samt vantaði eitthvað. Þegar ég fór að vinna með málminn, gullið og silfrið, og mótaði það eftir mínu höfði, þá bara gerðist eitthvað ...“



„Nýr heimur“



Magnús Scheving

forstjóri Latabæjar og húsasmiður

„Iðnmenntun hefur reynst mér ómetanlegur grunnur í öllum mínum störfum. Að byggja upp frumkvöðlafyrirtæki krefst ákveðinnar hugsunar sem ég lærði að tileinka mér í húsasmiði. Ég er til dæmis alveg klár á því að grunnurinn kemur alltaf á undan þakinu! Og í bónus gæti ég byggt mitt eigið hús sjálfur. Ef ég fæ atvinnuumsóknir frá fólki sem komið hefur nálægt iðnnámi, þá lít ég á það sem stóran plús í umsókn þeirra.“



„Ómetanlegur grunnur“




Ragnheiður Arngrímsdóttir

flugmaður og ljósmyndari

„Flugnámið opnaði augu mín fyrir því hvað heimurinn er stór og býður upp á margt. Þegar ég var búin að sjá fjölbreytileika heimsins langaði mig að sýna öðrum það sem ég hafði upplifað. Þá fór ég í ljósmyndaranám. Nú hef ég bæði tækifæri til að ferðast um heiminn og miðla því sem ég sé með ljósmyndum.“

**„Miðla því sem ég sé með
ljósmyndum“**



Almenn ljósmyndun • Bakaraiðn • Bifreiðasmíði • Bifvélavirkjun • Bílamálun • Blikksmíði
 Bókband • Feldskurður • Flugvélavirkjun • Framreiðsluiðn • Glerslípun og speglagerð
 Gull- og silfursmíði • Hattasaumur • Hársnyrtiiðn • Hljóðfærasmíði
 Húsasmíði • Húsgagnabólstrun • Húsgagnasmíði • Kjólasaumur • Kjötiðn • Klæðskurður karla
 Klæðskurður kvenna • Kæli- og frystivélavirkjun • Kökugerð • Leturgröftur • Ljósmyndun
 Matreiðsla • Málaraiðn • Málmsteypa

Kíktu á framboðið:
www.idan.is